

Nd.

3. Frumvarp til laga

[3. mál]

um breyting á lögum nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu, og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

1., 2. og 3. málslíður 3. gr. laga nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu, sbr. lög nr. 4 3. febrúar 1970 um breyting á þeim lögum, er úr gildi felldur. Í stað orðsins „Kostnaðarhlutdeild“ í síðasta málslíð 3. gr. sömu laga komi orðin: Greiðsla samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og fellur greiðsla kostnaðarhlutdeildar samkvæmt 3. gr. laga nr. 79/1968 niður frá og með 1. ágúst 1971.

Ákvæði til bráðabirgða.

Af þessu tilefni skal Verðlagsráð sjávarútvegsins endurskoða lágmarksverð það, er nú gildir. Hið endurskoðaða lágmarksverð skal gilda frá og með 1. ágúst 1971, og skal lágmarksverð á aðaltegundum fiskaflans, þorski og ýsu, hækka um 18—19%, en aðrar fisktegundir eftir nánari ákvörðun Verðlagsráðs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð.

FORSETI ÍSLANDS

Gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að gera nú þegar ráðstafanir til að hækka kaup sjómanna. Beri því að fella úr gildi ákvæði 3. gr. laga nr. 79 31. desember 1968, er kveða á um skyldu til greiðslu sérstakrar kostnaðarhlutdeildar til útgerðaraðila, er ekki kemur til hlutaskipta. Jafnframt sé nauðsynlegt, að Verðlagsráð sjávarútvegsins endurskoði gildandi lágmarksverð til hækkunar þannig að lágmarksverð á aðaltegundum fiskaflans, þorski og ýsu, hækki um 18—19%, en aðrar tegundir eftir nánari ákvörðun Verðlagsráðs.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1., 2. og 3. málslíður 3. gr. laga nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu, sbr. lög nr. 4 3. febrúar 1970 um breyting á þeim lögum, er úr gildi felldur. Í stað orðsins „Kostnaðarhlutdeild“ í síðasta málslíð 3. gr. sömu laga komi orðin: Greiðsla samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og fellur greiðsla kostnaðarhlutdeildar samkvæmt 3. gr. laga nr. 79/1968 niður frá og með 1. ágúst 1971.

Ákvæði til bráðabirgða.

Af þessu tilefni skal Verðlagsráð sjávarútvegsins endurskoða lágmarksverð það, er nú gildir. Hið endurskoðaða lágmarksverð skal gilda frá og með 1. ágúst 1971, og skal lágmarksverð á aðaltegundum fiskaflans, þorski og ýsu, hækka um 18—19%, en aðrar fisktegundir eftir nánari ákvörðun Verðlagsráðs.

Gjört í Reykjavík, 21. júlí 1971.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.